



Umsagnir um tilnefnda til kjörs Íþróttamanns Akraness fyrir árið 2018

Badmintonmaður ársins: Brynjar Már Ellertsson

Umsögn um Brynjar Má

Brynjar Már er fæddur árið 2001 og æfir hann með Badmintonfélagi Akraness. Hann hefur staðið sig mjög vel á árinu, bæði innanlands og utan. Hann hefur keppt á mörgum mótum og oft komist í úrslit og undanúrslit. Brynjar Már hefur verið í æfingahópum U19, U23 og A landsliða og var valinn í U17 landslið Íslands sem keppti á Danish Junior í Danmörku í maí. Brynjar var einnig valinn í U19 landslið Íslands sem tók þátt á Evrópumóti unglunga í Lettlandi í september. Þar tók hann bæði þátt í liðakeppni og einstaklingskeppni. Brynjar Már hefur verið á afreksbraut FVA í vetur og stundar æfingar af kappi. Hann mætir vel á æfingar og leggur sig alltaf fram. Brynjar fór í þrjár æfingabúðir á árinu: á Akranesi, í Danmörku og á Spáni. Brynjar er fyrirmynd margra yngri spillara og það verður gaman að fylgjast með honum og öðrum krökkum af Skaganum á næstu árum.



Helstu afrek Brynjars Má á Íslandi á árinu:

- Þrefaldur Íslandsmeistari unglunga í U17. Sigráði í einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarleik.
- Tók þátt í 14 mótum innanlands á árinu og spilaði til úrslita á 9 mótum af þessum 14. Hann sigraði 13 úrslitaleiki og endaði í 2. sæti í fimm úrslitaleikjum.
- Tók í annað skipti þátt á Iceland International, alþjóðlegu móti sem haldið er í Reykjavík og er hluti af RIG og mótarið Badminton Europe.

Helstu afrek Brynjars Má erlendis á árinu:

- Brynjar Már fór í 4 keppnisferðir erlendis á árinu.
- Keppti á Spanish Junior á Spáni, Danish Junior í Danmörku, Irish Open U19 á Írlandi og Evrópumóti unglunga í Lettlandi.
- Fór bæði á Evrópumót unglungalandsliða og Evrópumót unglunga (einstaklings).

Hvernig stendur Brynjar Már á landsvísu?

Brynjar Már hefur æft með U19 landsliði allt þetta ár og í haust og vetur hefur hann æft með U23 landsliði og A landsliði.

Brynjar Már spilar í A flokki (næst hæsti flokkur) og er hann í 3. sæti í einliðaleik á styrkleikalista BSÍ, í tvíliðaleik er Brynjar Már í 1. sæti og í tvenndarleik er Brynjar í 1. - 2. sæti.



Fimleikamaður ársins: Harpa Rós Bjarkadóttir

Umsögn um Hörpu Rós

Fimleikafélag Akraness tilnefnir Hörpu Rós Bjarkadóttur fimleikamann ársins 2018. Harpa Rós er fædd árið 1997 og æfir hópfinleika með meistaraflokki FIMA. Harpa er elsti iðkandi félagsins og lykilmáður í liði meistaraflokks. Hún hefur sinnt hlutverki fyrirliða síðustu árin og gert það með mikilli þrýði. Hún er dugleg og metnaðargjörn en umfram allt jákvæð og hógvær. Hún er frábær fyrirmynd liðsfélaga sinna og yngri iðkenda.

Harpa þjálfar yngri flokka hjá félaginu og vinnur nú, ásamt fleirum, að uppbyggingu drengjafimleika á Akranesi. Hún er ómissandi hlekkur í þjálfarateymi FIMA.

Harpa varð Íslandsmeistari í efstu deild í stökkfimi ásamt liði meistaraflokks í Egilshöllinni í apríl. Í nóvember keppti hún svo á haustmóttinu í hópfinleikum sem fram fór hérna á Akranesi. Þar setti liðið persónulegt stigamet og sigraði B deildina með 46.860 stigum og vann sér þar af leiðandi inn keppnisrétt í efstu deild.

Harpa er frábær fimleikakona í stöðugri framför og er vel að titlinum komin.



Helstu afrek Hörpu Rósar á Íslandi á árinu:

- Íslandsmeistari í stökkfimi ásamt liði meistaraflokks
- Fyrsta sæti í meistaraflokki B á haustmóttinu í hópfinleikum
- Vann sér inn keppnisrétt í efstu deild í hópfinleikum með liði meistaraflokks FIMA

Hvernig stendur Harpa Rós á landsvísu?

Harpa vann sér á dögnum inn keppnisrétt í meistaraflokki A í hópfinleikum ásamt liði meistaraflokks en aðeins 3 önnur félög á landinu eiga lið í efstu deild.



Hestaíþróttamaður ársins: Jakob Svavar Sigurðsson

Umsögn um Jakob Svavar

Jakob Svavar er fæddur árið 1975 og æfir með Hestamannafélaginu Dreyra. Það er alkunna að Jakob Svavar Sigurðsson er einn af bestu íþróttaknöpum á landinu og hefur verið á toppnum í mörg ár. Hann er agaður keppnismaður en þó ávallt þrúður og til fyrirmyndar. Hann hefur hlotið mörg verðlaun fyrir góða reiðmennsku og þrúðmennsku. Jakob sýnir hesta sína af öryggi og hefur fumlaust og létt taumsamband við hrossin sem undirstrikar hæfileika hestsins. Jakob Svavar er fyrirmynd allra þeirra sem vilja ná árangri á vettvangi hestaíþróttar.



Helstu afrek Jakobs Svavars á Íslandi á árinu:

- Íslandsmeistari í tölti á Júlíu frá Hamarsey með glæsieinkunnina 9.39.
- Íslandsmeistari í samanlögðum fjórgangsgreinum.
- Annar í tölti á Landsmóti hestamanna
- Annar í Meistaradeild VÍS sem samanstendur af 9 keppnisgreinum sem fram fór á fyrstu mánuðum ársins. Það eru aðeins bestu knapar landsins sem fá að taka þátt í því móti.

Helstu afrek Jakobs Svavars erlendis á árinu:

- Heimsmeistari í tölti á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem fram fór í Hollandi í sumar og hampaði þar með eftirsóttasta verðlaunagrip Íslands-hestamennskunnar, Tölthorninu, á Gloríu frá Skúfslæk.

Hvernig stendur Jakob Svavar á landsvísu?

Jakob Svavar er sem fyrr einn af allra bestu íþróttaknöpum landsins.

Hann var tilnefndur á uppskeruhátíð Lands sambands hestamanna í fjórum verðlaunaflokkum ársins 2018 þ.e sem íþróttaknapi, gæðingaknapi, kynbótaknapi og knapi ársins.



Karatemaður ársins: Ólafur Ían Brynjarsson

Umsögn um Ólaf Ían

Ólafur Ían er fæddur árið 2004 og æfir með Karatefélagi Akraness. Ólafur Ían vann sér inn svart belti eða 1. dan í karateíþróttinni í Fredrikstad í Noregi nú í sumar, með glæsibrag. Hann er jafnframt yngsti svartbeltingurinn sem Karatefélag Akraness hefur eignast. Hann hefur verið mikilvægur keppandi Karatefélags Akraness á síðustu árum og keppir nú í unglingsflokkum. Árið 2018 vann Ólafur sér inn nokkur verðlaun í KATA sem er hans keppnisgrein innan karate en hann keppir þar í mjög sterkum flokki. Hann varð í þriðja sæti á Reykjavík International Games 2018 í kata 13 ára drengja. Hann varð í þriðja sæti á fyrsta móti Grand Prix mótaraðarinnar í flokki 14 – 15 ára. Þá varð hann í öðru sæti í hópkata í flokki 14 – 15 ára tánunga ásamt liðsfélögum sínu úr Karatefélagi Akraness, þeim Krístrúnu Báru og Krístríni Benedíkt. Ólafur Ían hefur æft karate frá unga aldri og er mikil íþróttamaður sem leggur sig fram á æfingum.



Hann hefur einnig sótt æfingabúðir reglulega í íþróttinni bæði innanlands og erlendis. Ólafur hefur einnig æft nokkrum sinnum með úrtakshópi fyrir unglingslandslíð Íslands. Ólafur Ían er sterkur keppandi í karateíþróttinni og góð fyrirmynd innan félagsins fyrir yngri keppendum.

Helstu afrek Ólafs Íans á Íslandi á árinu:

- Þriðja sæti í kata í flokki 13 ára karla á WOW RIG mótinu 2018
- Þriðja sæti í kata í flokki 14- 15 ára á Grand Prix mótaraðinni.
- Annað sæti í hópkata tánunga 14 – 15 ára (ásamt félögum sínum í KAK þeim Krístríni og Krístrúnu Báru)

Hvernig stendur Ólafur Ían á landsvísu?

Ólafur er meðal fimm bestu kata keppenda í aldurshópnum 14 – 15 ára á Íslandi.

Helstu afrek Ólafs Íans erlendis á árinu:

1. Dan gráðun í Fredrikstad í Noregi



Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir

Umsögn um Valdísi Þóru

Valdís Þóra er fædd árið 1989 og spilar golf með Golfklúbbum Leyni. Valdísi Þóru þarf vart að kynna fyrir Skagamönnum, Íslandsmeistari í golfi, margfaldur klúbbmeistari Golfklúbbsins Leynis og einn fremsti kylfingur meðal kvenna til margra ára og atvinnukona í golfi.

Valdís Þóra hefur allt frá unglingsaldri verið með skýr markmið sem hún hefur unnið markvisst eftir hvort sem er með æfingar í huga, Íslandsmeistaratitla, þátttöku í landsliðsverkefnum og nú sem atvinnukona í golfi. Valdís Þóra er góð fyrirmynd fyrir alla kylfinga og íþróttafólk og hefur ávallt verið til fyrirmyndar innan sem utan vallar.



Helstu afrek Valdísar Þóru á Íslandi á árinu:

Valdís Þóra keppti lítið á Íslandi þetta árið sökum anna við keppni erlendis.

Helstu afrek Valdísar Þóru erlendis á árinu:

- Valdís Þóra spilaði erlendis keppnistímabilið 2018 á LET mótaröðinni sem er sterkasta mótaröð kvenna í Evrópu og einnig LET Access mótaröðinni sem er önnur sterkasta mótaröð kvenna í Evrópu.
- Trygð sér fullan keppnisrétt á LET mótaröðinni fyrir keppnistímabilið 2019.
- Tók þátt í úrtökumótum fyrir LPGA mótaröðina sem talin er sterkasta kvennamótaröðin. Því miður náði Valdís ekki að tryggja sér keppnisrétt fyrir tímabilið 2019.
- Sigaði Evrópukeppni blandaðra liða sem fram fór á Englandi ásamt þremur öðrum kylfingum.
- Keppti á Opna Breska meistaramótinu
- Keppti á Opna Skoska meistaramótinu

Hvernig stendur Valdís Þóra á landsvísu?

Valdís Þóra var valin kylfingur ársins í kvennaflokki á Íslandi 2018

Valdís Þóra keppir sem atvinnumaður í golfíþróttinni og hefur um langt skeið verið einn besti kvenkylfingurinn sem Ísland á. Hún er margfaldur Íslandsmeistari í flokki unglunga og fullorðinna og er klúbbnum sínum til sóma.



Keilumaður ársins: Magnús Sigurjón Guðmundsson

Umsögn um Magnús

Magnús Sigurjón Guðmundsson er keilumaður ársins á Akranesi 2018

Magnús spilar með ÍA en einnig með Clan í Nässjö í Svíþjóð þar sem Magnús er búsettur. Clan fékk silfurmedalíu í Elite serien sem er ein af sterkustu deildum í heimi.

Magnús hefur spilað til úrslita í flestum þeim einstaklingsmótum í Svíþjóð sem hann hefur tekið þátt í þar á meðal Smálandsturen sem er stærsta mótarið þar í landi.



Helstu afrek Magnúsar erlendis á árinu:

- Á salarmet í 4 leikjum í keilusalnum í Alvesta, Svíþjóð, en þar náði hann 1034 stigum sem er algengt að fá í 5-6 leikjum.
- Jafnaði heimsmet og náði 300 stigum í leik í deildarleik í Gamleby í Svíþjóð. 300 er hæsti stigafjöldi sem hægt er að ná í einum leik.

Hvernig stendur Magnús á landsvísu?

Magnús er í afrekshópi karla í keilu og hefur tekið þátt í 2 Evróputúr mótum og einu Heimstúr mótum.



Klifrari ársins: Brimrún Eir Óðinsdóttir

Umsögn um Brimrúnu

Brimrún Eir er fædd árið 2001 og æfir með Klifurfélagi ÍA. Brimrún hefur æft klifur af kappi frá stofnun Klifurfélags ÍA og hefur verið burðarás í starfi klifurfélagsins, bæði sem keppandi, leiðbeinandi og fyrirmynd fyrir unga ÍA- klifrara.

Brimrún Eir er fyrsti Íslandsmeistari ÍA í klifri en hún hampaði sínum fyrsta titli árið 2017. Í ár landaði hún öðrum Íslandsmeistaratitli sínum fyrir ÍA þegar hún lauk mótariðinni í grjótgímu í efsta sæti í flokki 16-19 ára.

Brimrún Eir fór sem fulltrúi Íslands á Norðulandameistaramótið í línuklifri ásamt hópi íslenskra klifrara og stóð sig með prýði á sínu fyrsta móti á erlendri grundu.

Framundan hjá Brimrúnu Eir er Íslandsmeistarmót í febrúar og Bikarmeistarmót í mars þar sem hún hefur titil að verja í grjótgímunni.



Helstu afrek Brimrúnar á Íslandi á árinu:

- Íslandsmeistari í grjótgímu í flokki 16-19 ára

Hvernig stendur Brimrún á landsvísu?

Brimrún Eir er sem stendur tvöfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki.



Knattspyrnumaður Kára: Andri Júlíusson

Umsögn um Andra

Andri Júlíusson er fæddur árið 1985 og var hann elsti leikmaðurinn sem spilaði með Kára í 2. deild í sumar. Andri er einn af allra reynslumestu leikmönnum Kára en hann hefur spilað og skorað í öllum fjórum efstu deildunum á Íslandi og þar af spilað flesta sína leiki í efstu tveimur deildum landsins, en að auki hefur hann líka spilað í nokkur ár í Noregi.

Andri er gríðarlega mikill keppnismaður og fer í öll verkefni af fullum krafti og metnaði. Andri hefur haft mikil og góð áhrif á ungan og efnilegan hóp Káramanna, en eldmóður hans er mjög drífandi og hvetjandi hvort sem það er á æfingum eða í leikjum.

Andri var gríðarlega mikilvægur í hópi Kára sem spilaði í fyrsta sinn í 2. deild í sumar og átti hann stóran þátt í því að liðið var í toppbaráttu í deildinni stærsta hluta mótsins, sem og frábærum árangri liðsins í bikarkeppni KSÍ þar sem liðið datt naumlega út í framlengingu gegn Pepsi-deildarliði Víkings R. í 16-liða úrslitum.

Andri Júlíusson er mikill markaskorari og sýndi hann og sannaði það svo sannarlega í sumar, en Andri spilaði alls 18 leiki í 2. deild og skoraði í þeim 14 mörk, en það skilaði honum silfri í markaskorun í 2.deild. Andri var valinn leikmaður ársins 2018 af þjálfara og leikmönnum Kára.

Helstu afrek Andra á árinu:

- Spilaði 18 leiki í deild og skoraði 14 mörk, en að auki spilaði hann þrjá leiki í Bikarkeppni KSÍ og skoraði þar eitt mark.
- Næst markahæsti leikmaður 2. deildar 2018.
- Í liði ársins í 2. deild 2018.





Knattspyrnukona ársins: Unnur Ýr Haraldsdóttir

Umsögn um Unni Ýr

Unnur Ýr er fædd árið 1994 og spilar með Knattspyrnufélagi ÍA. Hún hefur verið lykilmaður hjá liðinu lengi og spilað 107 leiki og skorað í þeim 38 mörk (mót á vegum KSÍ). Hún er metnaðargjörn, kraftmikil og mikill dugnaður í henni sem smitar út til annarra leikmanna.

Helstu afrek Unnar á árinu:

- Unnur Ýr átti frábært ár og var lykilmaður liðsins í sumar eins og undanfarin ár.
- Spilaði 18 leiki í Inkassodeild kvenna í sumar og skoraði í þeim 15 mörk sem er frábær árangur.
- Var lykilmaður í lið ÍA sem endaði í þriðja sæti í deildinni og vantaði herslumuninn til að komast upp í Pepsídeildina.



Hvernig stendur Unnur á landsvísu?

Unnur Ýr er gífurlega sterk í sinni stöðu sem leikmaður og hefur alltaf skorað mikið af mörkum og gæti klárlega spilað með bestu liðum á Íslandi ef hún vildi, en Skagahjartað er stórt og skiptir það okkur miklu máli.



Knattspyrnumaður ársins: Arnar Már Guðjónsson

Umsögn um Arnar Má

Arnar Már er fæddur árið 1987 og æfir með Knattspyrnufélagi ÍA. Arnar Már hefur lengi verið einn af burðarásu liðsins. Hann er leiðtogi og mjög drífandi inni á vellinum og virkjar aðra með sér. Í heildina hefur Arnar Már spilað 237 leiki og skorað í þeim 44 mörk (ath leikir á vegum KSÍ, ekki æfingaleikir). Hann hefur einnig starfað sem þjálfari hjá KFÍA í yngri flokkunum og skilað sínu starfi mjög vel þar. Þar líta krakkarnir upp til hans sem leikmanns meistaraflokks ÍA.

Árið í ár var mjög gott hjá honum og var hann einn af lykilmönnum ÍA liðsins sem sigraði Inkasso deildina.



Helstu afrek Arnars á árinu:

- Átti stóran þátt í því að tryggja liðinu sigur í Inkassodeildinni árið 2018 og þar með sæti í Pepsideildinni árið 2019.
- Spilaði 19 af 22 leikjum í sumar og skoraði í þeim þrjú mörk.

Hvernig stendur Arnar á landsvísu?

Arnar Már hefur gífurlega mikla reynslu og hefur skipað sér sess með betri miðjumönnum landsins.



Kraftlyftingamaður ársins: Svavar Örn Sigurðsson

Umsögn um Svavar

Svavar Örn Sigurðsson er fæddur árið 1999 og æfir hann kraftlyftingar hjá Kraftlyftingafélagi Akraness. Svavar Örn er búinn að stimpla sig inn sem einn af betri kraftlyftingamönnum sem Ísland hefur átt í léttari flokkum kraftlyftinga, allt frá tímum Skúla Óskarssonar. Hann keppir nánast eingöngu í klassíkum kraftlyftingum án útbúnaðar og leynir árangurinn sér ekki. Hann hefur sett fjölda Íslandsmeta á þeim stutta tíma sem hann hefur keppt og þá bæði í unglingsflokki og í opnum flokki fullorðinna. Þegar Svavar keppir er tekið eftir honum, hann hrífur fólk af öllum aldri með sér en það er sko ekki á allra færi. Hann er sterk og góð fyrirmynd fyrir unga iðkendur og lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að því að leiðbeina þeim sem styttra eru komnir í íþróttinni. Svavar stefnir langt og við höfum ekkert séð enn. Hann mun einn daginn standa á efsta palli á heimsvísu því þar á hann svo sannarlega heima.



Helstu afrek Svavars á árinu:

- Norðurlandameistari unglinga í klassískum kraftlyftingum í -74kg flokki
- Íslandsmeistari í klassískri bekkpressu í -74kg flokki
- Íslandsmeistari unglinga í bekkpressu í -74kg flokki
- Íslandsmeistari unglinga í bekkpressu óháð þyngdarflokki
- Bikarmeistari í klassískum kraftlyftingum í -74kg flokki

Hvernig stendur Svavar á landsvísu?

Svavar er sjöundi á styrkleikalista Kraftlyftingasambands Íslands í klassískum kraftlyftingum á Íslandi og er í 63. sæti á heimslista í -74 kg flokki óháð aldri.



Körfuknattleiksmaður ársins: Sindri Leví Ingason

Umsögn um Sindra Leví

Körfuknattleiksmaður ársins er Sindri Leví Ingason. Sindri er fæddur árið 2000 og lék hann töluvert stórt hlutverk í meistaraflokks liði ÍA í 1. deild á síðustu leiktíð þar sem hann spilaði um 19 mínútur í leik og skoraði að meðaltali 6.7 stig í leik. Það sem af er þessari leiktíð hefur hlutverk Sindra aukist enn meira og er hann jafnt og þétt að bæta sig sem leikmaður. Hann er einkar aðgangsharður í því að sækja á körfu andstæðinganna og er góður í því að skora. Sindri er þar að auki góður liðsfélagi, hæglátur og þrúður bæði innan vallar sem utan. Hann er vel að því kominn að vera körfuknattleiksmaður ársins 2018 hjá ÍA.





Skotmaður ársins: Stefán Gísli Örlygsson

Umsögn um Stefán Gísla

Stefán er fæddur árið 1974 og æfir með Skotfélagi Akraness. Stefán var í toppbaráttunni á öllum skeet mótum á Íslandi síðastliðið sumar. Hann er bikarmeistari í skeet 2018 og er efstur á stígalistanum yfir öll mót keppnistímabilsins. Þá skaut Stefán í þrígang í sumar skor yfir Ólympíulágmarkinu (MQS). Stefán keppti á fjórum mótum erlendis á árinu, þar á meðal heimsmeistaramótinu í Suður Kóreu og Evrópumeistarmótinu í Austurríki. Stefán skaut sig inn á heimslistanum og er í hundraðasta sæti á þeim lista sem og í 88. sæti á Evrópulistanum. Hann og liðsfélagar hans í landsliðinu bættu Íslandsmetið í liðakeppni í Tucson í Bandaríkjunum.

Stefán Gísli er mikill keppnismaður og leggur hart að sér við æfingar.

Hann er góður íþróttamaður og ötull liðsmaður við uppbyggingu íþróttar sinnar á Akranesi og viljugur til að miðla af sinni þekkingu til annarra iðkenda.



Helstu afrek Stefáns á Íslandi á árinu:

- Varði bikarmeistaratitilinn í haglabyssuskotfimi (skeet), það er sá skotmaður sem er stíghæstur eftir keppnistímabilið með 58 af 60 stigum.
- Náði í þrígang í sumar skori yfir Ólympíulágmarkinu (MQS).

Helstu afrek Stefáns erlendis á árinu:

- Er í landsliði Íslands í skotfimi
- Keppti á Heimsbikarmóti á Möltu og í Bandaríkjunum þar sem hann hafnaði í 38. sæti
- Keppti á Evrópumeistaramótinu í Austurríki
- Keppti á Heimsmeistaramótinu í Suður Kóreu.
- Í liði Íslands sem bætti Íslandsmetið í liðakeppni.
- Í sæti nr. 100 á heimslistanum
- Í sæti nr. 88 á Evrópulistanum

Hvernig stendur Stefán á landsvísu?

Stefán Gísli er stíghæsti skotmaður Íslands á árinu og varð bikarmeistari. Hann er einnig efstur á stígalistanum yfir öll mót keppnistímabilsins.



Sundmaður ársins: Brynhildur Traustadóttir

Umsögn um Brynhildi

Brynhildur Traustadóttir er fædd árið 2001 og æfir með Sundfélagi Akraness. Brynhildur sýndi og sannaði á árinu að hún er meðal bestu sundkvenna landsins í 200, 400, 800 og 1500 m. skriðsundi. Hún náði lágmarkum á Norðurlandameistaramótið sem haldið var í Finnlandi nú í desember. Þar hafnaði Brynhildur í 7. sæti í 200 m. skriðsundi eftir að hafa synt sig glæsilega inn í úrslit á mótinu. Í 400 m. skriðsundi hafnaði Brynhildur einnig í 7. sæti og í 800 m. skriðsundi í því níunda.

Brynhildur hefur mikinn metnað fyrir sundíþróttinni og vinnur að markmiðum sínum með elju, dugnaði og góðu skipulagi ásamt því að stunda nám við FVA og Tónlistarskóla Akraness.

Sundfélag Akraness er stolt af því að hafa sundkonu eins og Brynhildi innan sinna vébanda. Hún er dugleg að vinna fyrir félagið sitt og hefur talsvert miðlað af reynslu sinni til yngri sundmanna og sýnt þeim og kennt hvernig á að verða betri sundmaður.



Helstu afrek Brynhildar á Íslandi á árinu:

- Akranesmeistari í stúlknaflökki og setti Akranesmet í kvennaflokki í 1500 m. skriðsundi
- Sundmaður Akraness 2018 með flest FINA stig
- Íslandsmeistari í 1500 m. skriðsundi í 25 m. laug
- Fékk silfur í 200 m. skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu í sundi 2018 í 25 m. laug
- Fékk brons í 400 m. skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu í sundi 2018 í 25 m. laug
- Silfurverðlaun í 100 m. flugsundi á Aldursflokkeistaramóti Íslands 2018

Helstu afrek Brynhildar erlendis á árinu:

- Í sjöunda sæti í 200 m. skriðsundi á Norðurlandameistaramótinu í Olou í Finnlandi í desember.
- Náði 7. sæti í 800 m. skriðsundi og í 9. sæti í 400 m. skriðsundi á sama móti.

Hvernig stendur Brynhildur á landsvísu?

Brynhildur er meðal bestu sundmanna á Íslandi í 200, 400, 800, og 1500 m. skriðsundi og er Íslandsmeistari í því síðastnefnda.



Vélhjólaiþróttamaður ársins: Jóhann Pétur Hilmarsson

Umsögn um Jóhann

Jóhann Pétur Hilmarsson er fæddur árið 1971 og æfir motocross með Vélhjólaiþróttafélagi Akraness.

Jóhann Pétur byrjaði að æfa motocross árið 2008 og hefur verið að keppa frá árinu 2010 bæði í motocross og enduro keppnum.

Hann er aðalsprautan í VÍFA og hefur unnið ötullega að uppbyggingu á svæði félagsins með gróðursetningu og er motocrossbrautin í dag talin ein sú besta á landinu. Einnig hefur hann verið duglegur að leiðbeina og aðstoða aðra sem eru að stíga sín fyrstu skref í motocrossi.

Helstu afrek Jóhanns á árinu:

- Í þriðja sæti til Íslandsmeistara í 40 + flokki í motocross
- Náði tvisvar á verðlaunapall í sumar

Hvernig stendur Jóhann á landsvísu?

Á landsvísu er hann sá þriðji besti í 40+ flokki





Íþróttamaður Þjóts: Jóhanna Nína Karlsdóttir

Umsögn um Jóhönnu Nínu

Jóhanna Nína er fædd árið 1998 og er uppalinn í Hvalfjarðarsveit. Hún hefur æft með Þjóti íþróttafélagi fatlaðra á Akranesi frá því á unga aldri. Hún hefur æft ýmsar íþróttir en um þessar mundir stundar hún boccia og sund af kappi.

Jóhanna hefur æft boccia frá árinu 2014 og hefur tekið sífelldum framförum en segja má að árið 2018 hafi verið hennar ár. Jóhanna er vel liðin af liðsfélögum sínum og þjálfurum, Hún er ávallt jákvæð, metnaðarfull og er dugleg að hvetja aðra.

Jóhanna keppti á tveimur mótum árið 2018. Eitt af því var Íslandsmót ÍF í boccia (einstaklingskeppni) þar sem Jóhanna lenti í öðru sæti í þriðju deild.



Helstu afrek Jóhönnu á árinu:

- Annað sætið í þriðju deild einstaklingskeppni á Íslandsmóti ÍF í boccia